

Viðbrögð Laugargerðisskóla við „Auglýsingu um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar,“ og samkomubanns.

Við Laugargerðisskóla stunda 18 nemendur nám við grunnskóladeildina. 8 nemendur eru í leikskóladeildinni. Hópar hjá okkur eru því aldrei 20 eða fleiri nema í matsal.

Nemendur leikskólans eru börn starfsmanna við skólann og eða systkini barna sem eru í grunnskóladeildinni. Starfsfólk sem vinnur á leikskóladeildinni starfar flest við grunnskóladeildina sömuleiðis. Samgangur á milli barna og starfsmanna er því mikill.

Í matartíma hafa allir borðað saman en nú á meðan þessi takmörkun er í gildi borðar leikskólinn og grunnskólinn í sitt hvoru lagi þannig að ekki verði fleiri en 20 í matsalnum á sama tíma. Sama gildir um útivist

Samkensla leik- og grunnskóladeildar verður heldur ekki haldið úti þennan tíma, þannig að hóparnir blandist sem minnst þó ekki sé bann við samgangi.

Mælst er til þess að systkini sitji saman í skólabílnum og best er að hafa auða bekki á milli nemenda þar þó þar gildi ekki 2 m reglan frekar en í skólastofunni eða í matsal.

Mikilvægt er að þvo hendur áður en farið er að heiman og spritta sig þegar komið er í skólann, en spritt verður víða um skólann.

Viðbrögð skólans er einkum þessi:

- Leikskólinn og salerni þrífir vel daglega, hér eftir sem hingað til.
- Mötuneytiseldhúsi verður lokað nema fyrir ákveðnum aðilum. Þangað mega t.d. ekki koma inn sendlar frá fyrirtækjum eða almennt starfsfólk skólans.
- Öll borð í skólanum, húnar og aðrir snertifletir verða áfram sótthreinsaðir.
- Leikföng á leiksóla verða þrífir oftar og e.t.v. verða einhver tekin úr umferð.
- Áfram verður fylgst með handþvotti nemenda og aukinn þrýstingur á að allir þvoi sér nokkrum sinnum yfir daginn. Sama á við um sprittnotkun.
- Matartíma verður skipt upp fyrir leikskóladeild annars vegar og grunnskóladeildina hins vegar. Ekki verði fleiri en 20 í matsalnum á sama tíma.
- Í útivist verða nemendur sömuleiðis aðskildir á milli deilda.
- Íþróttahús eða sundlaug verða ekki lánuð út til utan að komandi aðila næstu 4 vikurnar.
- Nemendur sem eru veikir verði heima þar til þeim batnar, hið sama á við um starfsfólk.

- Ekki verður um heimsóknir að ræða í skólann fram yfir páska og er fólk beðið um að virða það. Ef eitthvað sérstak er, þá hafið samband við skólastjóra. Foreldrar og forráðamenn sýni aðgát og komi ekki skólann ef þeir eru veikir til að sækja börn sín.
- Stuðst verður við gátlista frá WHO sem sendir hafa verið heim til allra foreldra og þeir hvattir til þess að gera hið sama sem snýr að almennum viðbrögðum við faraldrinum.
- Árshátíð skólans verður frestað fram yfir páska, en undirbúningur hennar heldur áfram s.s. æfingar, leikmyndagerð og annað sem henni tilheyrir.
- **Mikilvægt er að skapa ekki ótta á meðal nemenda, heldur halda áfram að lifa lífinu og sýna ábyrga hegðun.**
- **Lífið gengur sinn vanagang, gleðjumst og ekki vera hrædd við að vera saman og hafa það huggulegt. Sýnum einfaldlega varúð og förum eftir leiðbeiningum okkar færustu sérfræðinga.**

Endilega hafið samband ef eitthvað er óljóst eða þið hafið góðar ábendingar í fórum ykkar.

Landlækni hefur sent frá sér nánari skýringu varðandi skólabíla og mötuneyti sem hér fer á eftir:

Ø 1. *Bil milli nemenda í skólastofum er ekki skilyrt við 2 metra, umfram fjöldatakmörkun, og þ.a.l. ekki í skólabílum heldur. Þó er lögð áhersla á að reyna að halda öllum snertingum í lágmarki og fjarlægð eins og unnt er. Það er æskilegt að börn sem ekki koma af sama heimili sitji ekki hlið við hlið í skólabílum en varast þarf að vekja með þeim ótta og reyna þarf eins og unnt er að viðhalda öryggistilfinningu og jafnvægi. Þar sem fjöldi nem. í skólabílum fer yfir 20 gæti þurft að tvískipta akstri eða fá foreldra með í lið. Börn, sem eiga viðkvæma aðstandendur, gætu þurft að halda sig frá skólabílum og verða foreldrar að leggja mat á það.*

Ø 2. *Það má ekki blanda saman hópum í matsal: <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=23a0ee4d-6537-11ea-945f-005056bc4d74>*

Ø 3. *Það var ekki gert ráð fyrir að hafa sérúrræði fyrir mismunandi landssvæði, þar sem við höfum ekki haft almennings skimun fyrr en nú þegar Decode er komið í gang með sitt verkefni og það er bara á höfuðborgarsvæðinu. Í grundvallaratriðum ætti að stefna að því að fara eftir þessu eins nákvæmlega og nokkur kostur er um allt land, en ef einhverjar mjög sérstakar aðstæður eru á ákveðnum stöðum, getur þurft að biðja um undanþágu. Ef ekki er talið óhætt að veita hana getur verið að þurfi að fella niður skólalald (færa sig í fjarnám) þar sem ekki er hægt að fara eftir ofangreindu (í tengli).*

Á vef skólans er að finna slóðir og leiðbeiningar fyrir nemendur og foreldra sem ég vil hvetja ykkur til þess að kynna ykkur.

Margt breytist í heimi nú en þessi viðbrögð okkar miðast við stöðuna eins og hún er í dag. Þau eru að sjálfsögðu í sífelldri endurskoðun og ábendingar eru eins og ég segi vel þegar.

Kær kveðja fyrir hönd Laugargerðisskóla, Ingveldur